



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Afbrotafræði- FÉLA1SX02

Kennarar:	Eva Dögg Jafetsdóttir (EDJ)
-----------	-----------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er skoðað hvað veldur því að fólk brýtur lög og hvernig samfélagið bregst við. Nemendur kynnst hvernig afbrot birtast í fjölmiðlum og hvernig þau móta samfélagið og jafnframt hvernig tæknin hefur breytt afbrotum og leitt til stafræns afbrotaheims. Skoðaðar verða mismunandi tegundir afbrota og afleiðingar þeirra. Unnið verður með spurningar eins og: Hvað eru afbrot? Eru sum afbrot verri en önnur? Af hverju fremur fólk afbrot? Er ástæða til að herða refsingar við afbrotum?

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- samstöðu-, samskipta- og átakasjónarhornum afbrotafræðinnar
- helstu hugtökum afbrotafræðinnar,
- helstu tegundum frávika og afbrota aðferðum sem samfélög beita og hafa beitt til að taka á afbrotum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga um frávik og afbrot og viðbrögðum samfélagsins.
- beita helstu hugtökum og kenningum afbrotafræðinnar
- greina mismunandi tegundir afbrota út frá ólíkum sjónarhornum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta lagt mat á upplýsingar um frávík, afbrot og viðbrögð samfélagsins við afbrotum
- tengja umfjöllun fjölmiðla um afbrot við sjónarhorn afbrotafræðinnar (hugtök og kenningar)
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál er tengjast afbrotum og viðbrögðum samfélagsins við þeim
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál

Námsefni: Styðst er við bókina Afbrotafræði fyrir alla. Höfundur: Bogi Ragnason, (ekki gerð krafa að nemendur kaupi bókina) annað efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	
1 - 4	8- 30. janúar	Kenningar og rannsóknir	
5 - 8	2-27. febrúar	Áhrifaþættir afbrota Afbrot og félagsleg staða	Vorfrí 23. – 24. febrúar.
9 - 12	1-27. mars.	Réttarvörslukerfið	
13 - 16	7.- 30. apríl	Hvernig hefur tæknin breytt afbrotum?	
17-19	4.- 24. maí	Afbrot og fjölmiðlar	Síðasti kennsludagur 13. maí

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær. Þar sem mest öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og almennt er ekki gerð krafa um heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Námsmat:

Námsmatið er einstaklingsmiðað s.s. leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. Regluleg endurgjöf er frá kennara á vinnuframlagi nemenda hvað varðar verkefnaskil, virkni í kennslustundum, mætingu og ástundun.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Virkni og þátttaka í tímum	Gerð er krafa að nemendur taki þátt í umræðum, verkefnum og séu virkir í tímum. Almenn kurteisi, jákvæðni og stundvísi.	60%
Mætingareinkunn	Mætingareinkunn í lok áfanga samkvæmt skólasóknareglum	10%
Verkefnaskil	Ýmis verkefni	30%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

EDJ – evadogg@fsu.is
